



Stjórnarfundur 15. ágúst 2023 í aðstöðu DSÍ Engajateig

Mættir Helga Björg Gísladóttir, Atli Már Sigurðsson, Kara Arngrímsdóttir, Þórunn Anna Ólafsdóttir, Árni Sigurgeirsson og Svava H Friðgeirsdóttir

Forföll: Ólafur Már Hreinsson

Fundur hófst kl. 20.35

1. Skipan í nefndir

- (a) Mótanefnd: Auður Haraldsdóttir, vantar fleiri aðila í nefndina og er búið að hafa samband við félögin og verður ítrekað aftur þegar önnin er farin aðeins af stað. Tengiliður stjórnar DSÍ er Árni Sigurgeirsson.
 - (i) Rætt um að tengja fjáröflunar og útbreiðslunefnd við mótanefnd
- (b) Landsliðsnefnd: Helga Karlsdóttir, Davíð Stefánsson, Arnar Már Eggertsson, Hreggviður Símonarson, Margrét Hörn Jóhannsdóttir. Tengiliður stjórnar DSÍ er Atli Már Sigurgeirsson

2. Fyrirspurn frá foreldrum landsliðspars

Beiðni um styrk frá afrekssjóði DSÍ vegna keppnisferðar og æfinga erlendis sem er sömu helgi og annað mót sem önnur pör eru að fara á. Eftir að hafa skoðað reglur, farið yfir umræður með afreksstjóra ÍSÍ þá sér stjórn DSÍ sér ekki fært um að útdeila styrk úr afrekssjóði í þetta verkefni landsliðsparsins.

Eftir samtal við nýjan afreksstjóra ÍSÍ þá þarf að skoða og mögulega útfæra nánar afreksreglur DSÍ. En aðaláhersla ÍSÍ eru afrek mótum tengd Evrópu og heimsmeistaramótum. Mót sem tengjast WDSF.

Stjórn átti góðar umræður um málið er var ákveðið að halda vinnufund um reglurnar og fleira varðandi afrekstefnu. Dagsetning ákveðin síðar.

3. Innganga Acrobat í DSÍ

Fyrirspurn um inngöngu Acrobat í DSÍ. Þarf að skoða þetta betur þessa beiðni m.a. að vera skráð íþróttafélag og reglur WDSF.

4. Fundur með afreksstjóra ÍSÍ

- a. Mjög góður fundur með afreksstjóra ÍSÍ. Fór hann yfir framtíðarhugmyndir um fyrirkomulag afreksstarfs ÍSÍ. Ætlar að vera með teymi sérfræðinga sem aðstoða minni sérsambönd s.s. sjúkrapjálfun, næringarráðgjöf, ferðapantanir og fleira. Fór yfir framtíðarplön afreksstjórans. Útbreiðslu og kynningarstarf.
- b. Þör sem keppa fyrir hönd Íslands en eru ekki í landsliðinu – þurfum mögulega að endurskoða reglur varðandi afrekssjóð DSÍ og reglur varðandi landsliðspörá. Það er mat afreksstjóra ÍSÍ að ef farið er að keppa út fyrir Íslands hönd þá ertu partur af landsliðinu.

- c. *PD pör g styrkir.* Skv. Afreksstjóra ÍSÍ eru fordæmi fyrir því í mörgum íþróttahreyfingum að slík pör þá fengju þau styrki. Skoða þessar reglur vegna næstu móta. EM og HM.

5. Fundur með Birni Bltch

Bergrún og Helga hittu Björn Bltch og frú í sumar þegar þau voru á landinu. Fóru á þingið fyrir okkar hönd. Var aðallega verið að tala um NEC.

Svíþjóð ætlaði að halda en hætti við. Þá ákváðu Eistar að taka mótið en hættu jafnframt við.

6. Þing WDSF

Fulltrúar Danmerkur fór með okkar atkvæðisrétt

7. NEC

Ekki komin niðurstaða hvar og hvenær mótið verður haldið í ár. Verður að öllum líkindum haldið á Íslandi 2024

8. RIG

Verður væntanlega síðustu helgi í janúar 2024, 28. janúar – á sunnudegi. Rætt var um fyrirkomulag dansins á RIG. Þurfum að fá uppgjör vegna þessa móts 2023.

9. Önnur mál

a) *Ólympíuleikar 2024.*

Break dans – Stjórn ræddi þessi mál. Íslandi er gefinn frestur til næstu viku að skrá keppanda en viðkomandi verður fyrst að hafa náð framgangi á undankeppnum. Sjá nánar: [Breaking Qualification \(worlddancesport.org\)](https://www.worlddancesport.org/)

b) *Dómaramál*

Ákveðið að dómaramál verði áfram undir stjórn Jóhanns Gunnars Arnarssonar. Miða jafnframt að því að eftir hverja keppni séu 2 dómamar myndu vera áfram til æfinga og þjálfunar fyrir landslið.

c) *L ttó*

Fyrirspurn frá mótshöldurum Lottó mótsins um hvort að sami háttur yrði ekki á og hefur verið að 2 dómamar myndu vera áfram til kennslu fyrir landslið samþykkt.

Fundi slitið kl. 21.43

Fundagerð ritaði Svava Halldóra Friðgeirsdóttir